



# DEILISKIPULAG VOGA I - LANDBÚNAÐUR OG FERÐAÞJÓNUSTA


## BREYTING - Ný lóð F9, breyttur byggingarreitur Þ7, breyttur aðkomuvegur




Gildandi Aðalskipulag Skútustaðahrepps 2011-2023 m.s.br.  
Staðfest 18. apríl 2013  
Mkv. 1:50.000




SKÝRINGAR	
	Mörk skipulagssvæðis
	Lóðamörk/lóðir
	Lóðamörk aðrir eigendur
	Byggingarreitur
	Núverandi byggingar
	Vegir
	Vegslóðar
	Nýir vegslóðar (ónákvæm lega)
	Náttúrustigar
	Minjar
	Fornir garðar/þarnast lagfæringa
	Nýlegir/nýir garðar
	Bílastæði - fjöldi
	Fráveitumannvirki
	Veghelgunarsvæði
	Verndarsvæði Mývatns
	Hnit
	Húsnúmer
	A: Lóðanúmer I: Íbúðarhús L: Landbúnaðarbygging P: Þjónustubygging F: Frístundahús B: Hæðaflokkur (rómværskar tölur) C: Heildarflatarmál byggingar D: Hámarks hæð byggingar



Gildandi skipulag, samp. 9.11.2016, m.s.br. Mkv. 1:2.000



Breytt skipulag. Mkv. 1:2.000



Afmörkuð er ný lóð fyrir frístundahús F9 innan lóðar/eignar Bjarkar. Aðkomuleið frá þjóðvegi er lagfærð miðað við samkomulag landeigenda. Breytt lega veldur færslu á byggingarreit Þ7 sem breytt er úr geymslu í starfsmannahús og einnig breytti útfærslu á aðkomuvegi ferðaþjónustusvæðis og bílastæðum.

### BREYTING Á GREINARGERÐ

Ný lína í töflu í kafla 4.4 Lóðaskrá og byggingarreitir

Lóð	Ákvæði
Lóð Bjarkar F9 (ný)	Frístundahús. Byggingarmagn 80 m².

Breytt ákvæði um Þ7 í töflu í kafla 4.4 Lóðaskrá og byggingarreitir

Lóð	Ákvæði
<b>Gildandi ákvæði:</b>	<b>Línhus - Þ7</b>
Gert er ráð fyrir að núverandi línhus verði flutt á byggingarreit merktur Þ7.	
<b>Breytt ákvæði:</b>	<b>Starfsmannahús - Þ7</b>
Starfsmannahús með þremur íbúðum, byggingarmagn 200 m²	

Skilmálar deiliskipulagsins eru að öðru leyti óbreyttir s.s. ákvæði um veitur í kafla 4.11.

### BREYTING Á SKIPULAGSUPDRÆTTI

- Veglínu nýs aðkomuvegar er breytt miðað við samkomulag landeigenda/lóðarhafa á svæðinu. Vegurinn er 5,5 m breiður á 40 m löngum kafla frá þjóðvegi en annars 3,5 m. Ökutæki mættast við innkeyrslur á lóðir. Heimilt verður að gera útskot fyrir mættingar þar sem langt er á milli innkeyrslna og aðstæður leyfa.
- Lóð F1 fyrir núverandi frístundahús í landi Bjarkar, 2.000 m², er afmörkuð skv. uppdætti landeigenda frá 2005.
- Ný lóð F9 fyrir frístundahús, 6.433 m², er afmörkuð vestast á landspildu Bjarkar. Hámarksbyggingarmagn er 80 m². Byggingarreitur er stór (1185 m²) sem gefur nokkra möguleika á staðsetningu hússins. Byggingarreitur liggur að grófri markalínu verndarsvæðis Mývatns og Laxár.
- Byggingarreitur Þ7 fyrir 100 m² ferðaþjónustuhús er færður til vesturs og verður þriggja íbúða starfsmannahús á einni hæð við nýjan aðkomuveg. Hámarksbyggingarmagn er 200 m² (byggingarreitur er 300 m²).
- Norðurenda aðkomuvegar að ferðaþjónustusvæði er breytt vegna breyttrar legu nýja aðkomuvegarins. Hlöðnum vegg við enda vegarins er breytt til samræmis. Á veggnum verða hlíð fyrir gönguleið og ökutæki.

### UMHVERFISMATSSKÝRSLA

Breytingar á deiliskipulagi falla undir lög um umhverfismat áætlaða og framkvæmda nr. 111/2021.

Ekki eru skráðir minjastaðir á framkvæmdasvæðum innan deiliskipulagsmarka.

Byggingarreitir F1 og Þ9 eru eins og aðrar byggingar á svæðinu á eldhrauni, sem nýtur verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Sama á við um nýjan aðkomuveg. Öll byggð í Vogum er á nútímahrauni og er áframhaldandi uppbygging hennar brýn nauðsyn vegna eðlilegrar og æskilegrar þróunar samfélagsins.

Byggingarreitur Þ9 er á sléttri flöt milli lágra hraunhóla og hraunkamba. Byggingarreitur F9 er stór en hraunkambur er undanskilinn. Nokkrir kostir eru því á staðsetningu 80 m² byggingar innan hans.

Undanfarna áratugi hefur vaxið upp þétt birkikjarr í hrauninu en gróður er mun gisnari á sléttum flötum s.s. á byggingarreit Þ9 og syðst á reit F9.

Veglína nýs aðkomuvegar var valin með hliðsjón af landslagi þannig að sem minnst rask yrði á þeim hraunmyndunum sem standa upp úr annars flötu landi.

Raskað land t.d. við vegi og byggingar verði fellt sem best að ósnertu landi og grætt upp með sambærilegum gróðri og er fyrir á svæðinu og með gróðri sem þarf að hreyfa við vegna framkvæmda.

Í kafla 4.2.1 í skipulagsgreinargerð eru skilmálar um að rask á hrauni vegna vega, bílastæða, stíga og sökkla skuli vera í lágmarki. Ekki er leyfilegt að girða lóðir eða planta gróðri þar sem birkiskógur er á svæðinu.

Áhrif breytingarinnar á náttúrufar eru engin umfram það sem orðið hefði að óbreyttu deiliskipulagi. Áhrif breytingarinnar á umhverfi og samfélag teljast fremur jákvæð vegna bættar aðlögunar að landslagi og bættar nýtingar ferðaþjónustubygginga. Áhrif af byggingu nýs frístundahúss eru sambærileg við áhrif af nærliggjandi frístundahúsi (F1).

Deiliskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.br. frá \_\_\_\_\_ til \_\_\_\_\_ var samþykkt í sveitarstjórn Þingeyjarsveitarþann \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_ sveitarstjóri

Samþykkt deiliskipulagsbreytingarinnar var auglýst í B-deild Stjórnartíðinda þann \_\_\_\_\_

<b>TEIKNISTOFA ARKITEKTA</b> GYLFI GUDJÓNSSON OG FÉLAGAR ehf. arkitektar fa <small>KAUFANGI VÍMYRARVEG                  800 AKUREYRI                  Sími 461 5508                  NETFANG: arni@teikna.is www.teikna.is</small>	Deiliskipulag Voga 1 - landbúnaður og ferðaþjónusta	
	<b>BREYTING - TILLAGA</b> Ný lóð F9 Breyttur byggingarreitur Þ7 Breyttur aðkomuvegur	VERK 22-709 BLAD <b>06</b>
HANNAÐ LF KVARDI 1:2.000 á A3	TEIKNAD LF, ÁÓ DAGS. 9.12.2022 BREYTT	